


Alþingi

Eriundi nr. P 116 1654

komudagur 16 112 1992

SAMBAND ÍSLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Háaleitisbraut 11, pósthólf 8100, 128 Reykjavík
☎ 354-(9)1-813711, telefax 354-(9)1-687866



376/1992 ÞS/ÁT

Reykjavík, 16. des. 1992

**Frumvarp til laga um
breytingar í skattamálum**

Við nánari umfjöllun um frumvarp til laga um breytingar í skattamálum, sem nú er til meðferðar á Alþingi, hefur komið fram, að til stendur að leggja virðisaukaskatt á rekstrarframlög sveitarfélaga til almenningsvagna.

Fráleitt er að líta á framlög sveitarfélaga til eigin fyrirtækja vegna hallareksturs sem tekjur hlutaðeigandi fyrirtækja og nýta þau sem skattstofn fyrir ríkissjóð.

Því er eindregið lagt til, að 1. töluliður 43. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

"Fólksflutningar að frátöldum leiguakstri fólksbifreiða sbr. lög nr. 77/1989 um leigubifreiðar og akstur almenningsvagna sveitarfélaga."

Auk þess er ítrekuð afstaða stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 11. des. sl. um, að virðisaukaskattur sveitarfélaga vegna skólaaksturs og aksturs fatlaðra verði endurgreiddur.

Virðingarfyllst,

Þórour Skúlason, framkvstj.

Til
félagsmálaráðherra, félagsmálanefndar
og efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis,